



Til foreldra/forráðamanna

Akureyri, 05. september 2017

Efni: Göngum í skólann.

Kæru foreldrar/forráðamenn

Við í Oddeyrarskóla ætlum að taka þátt í **Göngum í skólann**, verkefni á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Embætti landlæknis, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ríkislögreglustjóra, Samgöngustofu, Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og Heimilis og skóla. **Göngum í skólann** verður sett miðvikudaginn 6. september og lýkur formlega með alþjóðlega **Göngum í skólann deginum** miðvikudaginn 4. október.

Þetta er í ellefta sinn sem verkefnið er haldið hér á landi og hefur þátttaka aukist jafnt og þétt. Megin markmið verkefnisins eru að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. Fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar, að draga úr umferðarþunga, mengun og hraðakstri nálægt skólum. Auk þess er reynt að stuðla að vitundarvakningu fyrir virkum ferðamáta og umhverfismálum og það hversu "gönguvænt" umhverfið er. Á síðasta ári tóku milljónir barna frá 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í **Göngum í skólann** með einum eða öðrum hætti. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vef þess www.gongumiskolann.is

Oddeyrarskóli er Heilsueflandi grunnskóli og því tökum við þátt í öllum þeim almennings hreyfiverkefnum sem eru í boði. Undirbúningur er vel á veg kominn og eru allir mjög jákvæðir og áhugasamir að taka þátt og standa sig vel.

Göngum í skólann í okkar skóla

Oddeyrarskóli hefur nú þegar verið skráður til leiks og við hvetjum alla til þess að taka þátt.

Hugmyndin er að vera með einhverjar uppákomur þann mánuð sem **Göngum í skólann** stendur yfir, einnig hvetjum við ykkur kærar foreldrar/forráðamenn til þess að nýta ykkur verkefnið og þá umræðu sem skapast þennan mánuðinn til þess að ræða þessi mál við börnin ykkar og fara öruggustu leiðina í skólann með yngstu börnunum.

Vonandi gengur þetta vel hjá okkur. Verum endilega opin fyrir þessu og jákvæð og nýtum haustið til að vekja athygli á hreyfingu og öryggi barnanna okkar á leiðinni í skólann.

Gangi ykkur vel,
allra bestu kveðjur,
Heilsueflingarnefnd Oddeyrarskóla